

Sp.

807. Skýrsla

um norrænt samstarf árið 1984.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. 32. ÞING NORÐURLANDARÁÐS Í STOKKHÓLMI

27. FEBR. TIL 2. MARS 1984

1.1. Almennar umræður.

Í almennu umræðunum á 32. þingi Norðurlandaráðs kenndi margra grasa en þar bar hæst umræður um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand á Norðurlöndum. Grundvöllur þessara umræðna voru þingmannatillögur um þetta efni ásamt ráðherranefndartillögu þeirri sem lögð var fyrir þingið vegna tilmæla þar að lútandi í þingmannatillögunum. Kom fram mikil óánægja fulltrúa Norðurlandaráðs vegna þess að þeir töldu ráðherranefndartillögunu ekki fjalla um beinar aðgerðir til að auka hagvöxt og minnka atvinnuleysi heldur fæli hún einungis í sér viljayfirlýsingu sem lítið væri á að treysta eina sér. (Sjá nánar um mál þetta í lið 4.5. um efnahagsmálanefnd.)

Einnig var í almennu umræðunum ítrekað vikið að hugmyndum um norrænan heimamarkað fyrir framleiðsluvörur Norðurlanda og hugmyndum um norrænan fjármagnsmarkað og hlutabréfamarkað.

Af hálfu íslensku fulltrúanna í Norðurlandaráði var meðal annars fjallað um aukna aðild Færeyja, Grænlands og Álandseyja að Norðurlandaráði og ábyrgð þá sem því fylgdi fyrir hin löndin og um niðurgreiðslur Norðmanna á fiskútflutningi sínum. Einnig komu fram efasemdir um að aukin flokkspólitísk áhrif, sem gætir æ meir í starfsemi Norðurlandaráðs, ykju líkur á árangursríku starfi.

Af hálfu íslenskra sem annarra fulltrúa í Norðurlandaráði var í almennu umræðunum mikið fjallað um tillögur hinnar svonefndu fimm-mannanefndar um breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs. Fram kom ótti um að tillögurnar um sameiningu almennu fjárlaganna og menningarmálafjárlaganna hefði í för með sér hnignun í samstarfi í menningarmálum ef samhliða sameiningunni yrðu ekki gerðar ráðstafanir sem tryggðu menningarmálasamstarfinu þann grundvallarsess sem því bæri í norrænu samstarfi. Frestað var til 33. þings Norðurlandaráðs að taka afstöðu til skýrslunnar meðal annars í þeim tilgangi að gefa landsdeildunum kost á nákvæmari umfjöllun áður en til ákvörðunar kæmi.

1.2. Þingmannatillögur, ráðherranefndartillögur og fyrirspurnir.

Á 32. þingi Norðurlandaráðs lágu fyrir þrjátíu þingmannatillögur og sex tillögur frá Norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnnum Norðurlanda. Þrjátíu og ein fyrirspurn var borin fram á þinginu. Fjárlagatillaga Norrænu ráðherranefndarinnar var í fyrsta sinn lögð fram sem sérstakt mál en hún hafði áður verið lögð fram sem fylgiskjal með ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þingið samþykkti tuttugu og fjórar tillögur um tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar en níu tillögur voru felldar. Af eldri samþykktum tillögum, sem voru á dagskrá, afskrifaði þingið fjórar.

2. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS

2.1. Fundir Íslandsdeildar og kjör í nefndir.

Á fundi sameinaðs Alþingis 18. des. 1983 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gildi þar til ný kosning fór fram á næsta reglulegu Alþingi. Eftirfarandi þingmenn hlutu kosningu: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason, Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson. Varamenn voru kjörnir: Davíð Aðalsteinsson, Þorsteinn Pálsson, Árni Johnsen, Salome Þorkelsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjörleifur Guttormsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Verkefnum var þannig skipt að Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í efnahagsmálanefnd ráðsins. Varamaður hans í forsætisnefnd var kjörinn Ólafur G. Einarsson sem einnig tók sæti í efnahagsmálanefnd og fjárlaganefnd. Eiður Guðnason var kjörinn í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd, Friðjón Þórðarson í laganefnd, Pétur Sigurðsson í félags- og umhverfismálanefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og upplýsingamálanefnd og Stefán Benediktsson í menningarmálanefnd og upplýsingamálanefnd. Til setu í vinnunefnd Norðurlandaráðs voru kjörnir: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Eiður Guðnason, Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson. Hlutverk vinnunefndar er að leggja fram tillögur um kjör í trúnaðarstöður hjá Norðurlandaráði. Íslandsdeildin lagði til að Pétur Sigurðsson tæki sæti í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og að Guðrún Helgadóttir yrði varamaður þar.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt 13 fundi og tvo fréttamannafundi á tímabilinu frá lokum 32. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs. Meðan á þessum þingum Norðurlandaráðs stóð hélt Íslandsdeild fundi dag hvern.

2.2. Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

33. þing Norðurlandaráðs var haldið í Reykjavík dagana 4.—8. mars 1985. Íslandsdeild skipaði á fundi sínum 16. okt. 1984 nefnd til að vinna að undirbúningi þingsins. Í hana voru skipuð: Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson, Friðrik Ólafsson, Hörður Bjarnason, Aðalsteinn Maack og Snjólaug Ólafsdóttir. Skyldi nefndin hafa með höndum daglegan undirbúning þingsins en gera Íslandsdeild grein fyrir gangi mála. Undirbúningur þinghaldsins mótaði starf Íslandsdeildar á árinu 1984 nokkuð.

Íslandsdeild ræddi á fundum sínum skýrslu fimm-mannanefndarinnar um breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs. Matthías Á. Mathiesen samstarfsráðherra, sem sæti hafði átt í fimm-mannanefndinni, átti tvívegis viðræður við Íslandsdeild um skýrsluna. Einnig áttu sér stað óformlegar viðræður við Steingrím Hermannsson forsætisráðherra og Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra um skýrsluna. Í Íslandsdeild voru uppi efasemdir um þann hluta skýrslunnar sem varðaði sameiningu menningarmálafjárlaganna og almennu norrænu fjárlaganna og sameiningu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn og ráðherranefndarskrifstofunnar í Ósló.

Ekki felldi Íslandsdeild sig heldur við tillögur um að starfsvettvangur ritarnefndar þeirrar, sem í eiga sæti aðalritarar landsdeilda Norðurlandaráðs, yrði skertur. Í umsógn sinni til forsætisnefndar Norðurlandaráðs um tillögurnar vísaði Íslandsdeild til fyrirvara þess sem Matthías Á. Mathiesen hafði gert í fimm-mannanefndinni um starfsvettvangur ritara nefndarinnar.

Í endanlegri gerð var í þingmannatillögu þeirri og ráðherranefndartillögu, sem fram voru lagðar til að hrinda í framkvæmd tillögum fimm-mannanefndar, tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram höfðu komið frá Íslandsdeild og studdi hún því tillögurnar.

Ríkisstjórn Íslands gat þess er hún samþykkti ráðherranefndartillögu þessa að hún vænti stuðnings við þingmannatillögu þá, sem bráðlega yrði lögð fram, um samnorræna rannsóknarstarfsemi á Íslandi. Umræður höfðu þá þegar farið fram um það að eðlilegt væri

að samnorræn rannsóknarstarfsemi, tengd undirstöðuáttvinnugreinum Íslendinga og annarra norræna fiskveiðipjóða, yrði byggð upp á Íslandi samtímis því sem starfsemi Norræna iðnþróunarsjóðsins yrði eflað og flutt til Noregs.

Til að undrbúa tillögugerð um þessa norrænu rannsóknarstarfsemi boðaði Íslandsdeild til fundar með sérfræðingum á sviði fiskifræði, líffræði, líftækni, sjávarlíffræði og landbúnaðar. Sérfræðingar þeir, sem til voru kallaðir, voru Sigmundur Guðbjarnason, Vilhjálmur Lúðvíksson, Björn Dagbjartsson, Guðmundur Eggertsson, Jakob Jakobsson, Agnar Ingólfsson og Guðmundur Einarsson. Haldnir voru tveir fundir með sérfræðingunum og að þeim loknum ákváðu fulltrúar Íslandsdeilda að standa að flutningi þingmannatillögu í Norðurlandaráði um norræna líftæknistofnun á Íslandi. Pétur Sigurðsson var fyrsti flutningsmaður tillögunnar sem kemur til umfjöllunar á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd vísaði til Íslandsdeilda til umsagnar tillögu um að löndin skiptust á um formennsku í fastanefndum Norðurlandaráðs með reglulegu millibili og tillögu um breytingar á verkaskiptingu fastanefndanna. Varðandi formennsku í fastanefndum lýsti Íslandsdeild í umsögn sinni til forsætisnefndar þeim eindregna vilja sínum að hafa áfram formennsku í menningarmálanefnd. Eftir að hafa fengið umsagnir frá landsdeildunum ákvað forsætisnefnd að hafast ekki frekar að í því máli að svo stöddu. Varðandi verkaskiptingu nefndanna taldi Íslandsdeild rétt að samgöngumálanefnd fengi framvegis til umfjöllunar mál þau öll er vörðuðu tölvutækni og önnur tæknimál og að laganeftnd sinni jafnréttismálum og málum er vörðuðu matvæli. Ekki náðist samstaða um að leggja til að byggðamál færðust frá efnahagsmálanefnd til samgöngumálanefndar. Að fengnum umsögnum landsdeilda ákvað forsætisnefnd að breyta verkaskiptingu fastanefndanna. Frá og með 10. febr. 1985 fjallar því samgöngumálanefnd um tölvutækni og önnur tæknimál auk þeirra mála sem nefndin hafði áður og laganeftnd um jafnréttis- og matvælamálefni auk málefna er varða lagasamræmingu og lagasetningu.

3. FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hélt á árinu 1984 tíu fundi. Að auki hélt hún tvo fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda, 11. apríl í Helsingfors og 22. ágúst í Kaupmannahöfn, og fundi með forsætisráðherrum og samstarfsráðherrum Norðurlanda 13. des. í Reykjavík. Þann 10. apríl hélt forsætisnefnd fund með formönnum fastanefnda Norðurlandaráðs.

Formaður forsætisnefndar var sænski þingmaðurinn Karin Söder.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherra um lýsti forsætisnefnd stuðningi sínum við yfirlýsingu forsætisráðherra landanna um varnir gegn loftmengun. Yfirlýsingu þessa afhenti sendiherra Íslands í Bretlandi ríkisstjórn Bretlands.

Í tengslum við fund forsætisnefndar í Ósló 25. júní var haldinn óformlegur fundur með fulltrúum sem sæti áttu á þingi þingmannasambands Evrópuráðsins sem var haldið í Ósló samtímis.

Fulltrúar í forsætisnefnd lögðu fram, eftir ítarlega umfjöllun í forsætisnefnd, þingmannatillögu um breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs. Var hún að mestu byggð á tillögum fimm-mannanefndarinnar. Um efni hennar er nánar fjallað í kafla 2.1. um starf Íslandsdeilda Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum 11.—12. nóv. að samkvæmt tillögu upplýsingamálanefndar skyldi tekið upp sérstakt merki fyrir Norðurlandaráð. Merkið var hannað af finnska prófessornum Kyösti Varis og er sameiginlegt fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina.

4. FASTANEFNDIR NORÐURLANDARÁÐS

4.1. Laganefnd.

Laganefnd hélt sex fundi á tímabilinu frá lokum 32. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs. Einn þessara funda hélt nefndin með dómsmálaráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhard Tastesen og varaformaður Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Laganefnd fjallaði um þingmannatillögu þá og ráðherranefndartillögu um skipulag og starfshætti Norðurlandaráðs sem áður hefur verið skýrt frá. Nefndarálit laganefndar um tillögur þessar var lagt fram á 33. þingi Norðurlandaráðs og samþykkt.

Auk tillagnanna um skipulag og starfshætti Norðurlandaráðs var fjórum þingmannatillögum vísað til nefndarinnar. Nefndin fjallaði þar að auki á fundum sínum um norræna starfsáætlun á sviði lagasetningar. Á fundi sínum með dómsmálaráðherrum var rætt um símahleranir og aðrar hleranir við rannsóknir á fíkniefnamálum; þegnskylduvinnu sem viðurlög við afbrotum; lagalegar afleiðingar tæknifrjóvgunar; fíkniefnabrot, auðgunarbrot, kaupalögin og fjárhagsleg réttaráhrif hjúskapar.

Laganefnd skipulagði ráðstefnu um fíkniefnamál sem haldin var í apríl 1985 á Borgundarhólmi.

4.2. Menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd hélt fimm fundi frá lokum 32. þings Norðurlandaráðs til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs auk eins fundar með menntamálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Ingrid Sundberg.

Menningarmálanefndin fjallaði eins og aðrar nefndir Norðurlandaráðs um tillögur fimm-mannanefndarinnar. Menningarmálanefnd hafi litið svo á að gott starf hefði verið unnið á menningarmálaskrifstofunni og hafði einnig talið þá tilhögun, sem gilt hefur um sérstök menningarmálafjárlög, viðhlítandi og var því í vafa um ágæti tillagna fimm-mannanefndarinnar um sameiningu menningarmálaskrifstofunnar og ráðherranefndarskrifstofunnar og um sameiningu almennu fjárlaganna og menningarmálafjárlaganna.

Í nefndinni komu einnig fram nokkrar efasemdir um tillögur að breytingum á fjárlaganefnd. Menningarmálanefnd lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að nefndin ætti hér eftir sem hingað til beinar viðræður við menntamálaráðherra Norðurlanda um norrænu fjárlögin á sviði menningarmála. Nefndin lagði einnig höfuðáherslu á að menntamálaráðherrar geti hér eftir sem hingað til haft bein áhrif á norrænu fjárlögin á sviði menningarmála.

Norrænt samstarf um hljóðvarps- og útvarpsmál var til umfjöllunar í nefndinni og allt árið var útlit fyrir að ráðherranefndartillaga á þessu sviði yrði lögð fyrir 33. þing Norðurlandaráðs þó að sú yrði ekki raunin á.

Á 32. þingi Norðurlandaráðs var þingmannatillögu um framhald á fjárstuðningi við upplýsingaskrifstofur Norrænu félaganna vísað á ný til menningarmálanefndar. Nefndin hafði þá grundvallarskoðun að Norðurlönd hvert fyrir sig ættu að kosta upplýsingaskrifstofur þessar en gat þó fallist á að þeim yrði veittur fjárstuðningur af norrænu fjárlögunum að loknum reynslutímanum en þó ekki lengur en í þrjú ár.

Menningarmálanefnd fjallaði auk ofangreindra mála um þingmannatillögur m. a. um norrænt efni í kennslugögnum, fjárstuðning við norræna listaskólann í Karleby og um norrænan heimamarkað fyrir hljómplötur með norrænni tónlist.

Menningarmálanefnd hefur skipulagt ráðstefnu sem halda skal í október í Álasundi í Noregi um nemenda- og kennaraskipti á Norðurlöndum.

4.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd hélt á tímabilinu frá lokum 32. þings og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs fimm fundi auk tveggja funda með Norrænu ráðherranefndinni. Var önnur þeirra með atvinnumálaráðherrum en hin með félags- og heilbrigðisráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Jo Benkow en varaformaður finnski þingmaðurinn Kaj Bärlund.

Höfuðáhersla var á árinu lögð á undirbúning fyrir fundina með ráðherranefndunum sem að hluta til fór fram í vinnuhópum. Aðalmálefnið var endurskoðun norrænu samstarfsáætlunarinnar um atvinnumál sem lögð var fyrir 33. þing Norðurlandaráðs.

Nefndin lauk umfjöllun um fjórar þingmannatillögur; um misnotkun lyfja í umferðinni; um vandamál þeirra sem eru atvinnulausir en fá ekki lengur atvinnuleysisbætur; um samræmingu á umhverfisverndarlöggjöf á Norðurlöndum og um kynskiptingu við val á menntun og atvinnu. Nefndin tók einnig til meðferðar ráðherranefndartillögu um norræna starfsáætlun til að vinna gegn eiturlyfjaneyslu.

4.4. Samgöngumálanefnd.

Á tímabilinu frá lokum 32. þings og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs hélt samgöngumálanefnd fjóra fundi og einn fund með samgöngumálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður hennar norski þingmaðurinn Bjarne Mörk Eidem.

Samgöngumálanefnd tók til meðferðar tvær þingmannatillögur. Önnur þeirra fjallaði um norrænt samstarf á sviði kaupsiglinga en hin um tollfrjálsa sölu áfengis til flugfarþega við komu til landsins.

Í nefndinni var unnið að undirbúningi ráðstefnu sem haldin var í kjölfar Norræna umferðaröryggisársins 1983. Ráðstefnan var haldin í Bodö í Noregi í september 1984. Markmiðið var að samræma frekari norrænar aðgerðir til að auka umferðaröryggi.

4.5. Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd hélt fjóra fundi á tímabilinu milli 32. og 33. þings Norðurlandaráðs og níumannanefnd efnahagsmálanefndar hélt tvo fundi. Nefndin hélt og einn fund með fjármálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður efnahagsmálanefndar var sænski þingmaðurinn Gunnar Nilsson og varaformaður danski þingmaðurinn Ivar Hansen.

Ráðherranefndartillaga um nýja samstarfsáætlun um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand var lögð fram í janúar 1985. Var það vegna óánægju sem fram hafði komið á 32. þingi Norðurlandaráðs með það hvernig ráðherranefnd hygðist bregðast við þingmannatillögum um þetta efni. Efnahagsmálanefnd lagði í nefndaráliti sínu um nýju ráðherranefndartillöguna til að hún yrði samþykkt á 33. þingi Norðurlandaráðs. Tillögunni var og vísað til annarra nefnda Norðurlandaráðs sem einnig studdu samþykki hennar.

Efnahagsmálanefnd lagði einnig til að samþykktar yrðu ráðherranefndartillögur um samstarfsáætlun á sviði landbúnaðar og skógræktar og um eflingu efnahagssamstarfs í þeim hluta Norðurlanda sem vestlægastur er.

Fimm þingmannatillögur voru á dagskrá nefndarinnar. Fjölluðu þær m. a. um mat á efnahagsástandi Norðurlanda; um samstarf um tölvumál; um innflutning tollfrjáls varningsferðamanna og um hlut opinbera geirans í efnahagslífinu.

Efnahagsmálanefnd hélt ráðstefnu í september 1984 í Esbo í Finnlandi um hvaða leiðir beri að velja þegar þróun efnahagsmála er höfð í huga.

4.6. Fjárlaganefnd.

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi á árinu 1984 og auk þess einn fund með samstarfsráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var norskur þingmaðurinn Bjarne Mörk Eidem og varaformaður fram til 12. nóv. danski þingmaðurinn Hanne Severinsen en þá tók Jens Peter Jensen við varaformennsku.

Nefndin lagði í fyrsta sinn á 32. þingi Norðurlandaráðs fram sérstaka ársskýrslu.

Aðalstarf fjárlaganefndar er að fjalla um norrænu fjárlögin og samræma sjónarmið nefnda Norðurlandaráðs um þau. Auk þessa ber nefndinni að hafa eftirlit með fjármálum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

4.7. Upplýsingamálanefnd.

Upplýsingamálanefnd hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 32. þings og til upphafs 33. þings Norðurlandaráðs.

Formaður nefndarinnar var Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Rune Gustavsson.

Hlutverk upplýsingamálanefndar er að vera forsætisnefnd til ráðuneytis um upplýsingamál.

Nefndin hefur á árinu m. a. fjallað um nýtt merki fyrir Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina. (Sjá nánar undir lið 3 um forsætisnefnd Norðurlandaráðs.)

Nefndin fjallaði einnig um tillögu vinnuhóps, sem starfað hafði síðan haustið 1983, um breytingar á tímaritinu Nordisk Kontakt.

Í samráði við samstarfsráðherra Norðurlanda tók nefndin ákvörðun um sameiginlega starfsáætlun um upplýsingamál.

Upplýsingamálanefnd hélt ráðstefnu með ungmennafélögum og öðrum samtökum ungs fólks á Norðurlöndum í Malmö í maí 1984 til að undirbúa upplýsingaherferð þá sem fer fram árin 1984 og 1985 til að kynna ungu fólki norrænt samstarf.

Norrænu fréttamannastyrkina árið 1984 hlutu Halldór Halldórsson og Ómar Valdimarsson.

Undir stjórn Guðrúnar Helgadóttur starfar vinnuhópur á vegum upplýsingamálanefndar að tillögum um framtíðarskipan upplýsingamála eftir að upplýsingamálanefnd hefur verið lögð niður að tillögu fimm-mannanefndarinnar.